

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Hellu árið 2004.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 45/2002, skal á árinu 2004 vera kr. 9.300. Gjaldldagi er 1. mars og eindagi 31. mars vegna hunda sem eru á skrá um áramót, annars er 30 daga gjaldfrestur.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings ytra þann 1. desember 2003 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gildir fyrir árið 2004 og tekur þegar gildi. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána þann 10. desember 2003.

Hellu, 12. desember 2003.

F.h. sveitarstjórnar Rangárbings ytra,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 316/2003, um rétt sjálfstætt starfandi einstaklinga til greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

1. gr.

Eftir orðunum „eru með heimild í“ í B-lið 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 58. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003.

2. gr.

Ný málsgrein bætist við 5. gr. reglugerðarinnar, svohljóðandi:

Ákvörðun skattstjóra um að fallast á lægra endurgjald en viðmiðunarreglur fjármálaráðherra kveða á um, sbr. 58. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, hefur engin áhrif á matið skv. 1. mgr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 1. gr. og 27. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 16. desember 2003.

Árni Magnússon.

Hermann Sæmundsson.